

151. löggjafarþing 2020–2021.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnartillaga.

Tillaga til þingsályktunar

um lýðheilsustefnu til ársins 2030.

Frá heilbrigðisráðherra.

Alþingi ályktar að leiðarljós lýðheilsustefnu fram til ársins 2030 verði heilsuefling og forvarnir sem hluti af allri þjónustu innan heilbrigðiskerfisins.

Með lýðheilsu í þessari þingsályktun er átt við heilsueflingu og forvarnir sem miða að því að viðhalda og bæta heilbrigði fólks.

Framtíðarsýn fyrir lýðheilsu á Íslandi verði eftirfarandi:

a. Lýðheilsustarf verði markvissst, á heimsmaelikvarða og einkennist af þverfaglegu samstarfi heilbrigðisþjónustu, sérstaklega heilsugæslu, og annarra hagaðila á Íslandi, t.a.m. sveitarfélögum, með áherslu á heilsueflingu og forvarnir.

b. Lýðheilsustarf verði metið með því að mæla gæði, öryggi, árangur, aðgengi og kostnað sem og kostnaðarhagkvæmni.

Til þess að framtíðarsýnin verði að veruleika verði lögð áhersla á eftirfarandi meginviðfangsefni til þess að styrkja stöðir lýðheilsustarfs á Íslandi:

1. Forysta til árangurs.
2. Rétt þjónusta á réttum stað.
3. Fólkið í forgrunni.
4. Virkir notendur.
5. Skilvirk þjónustukaup.
6. Gæði í fyrirrúmi.
7. Hugsað til framtíðar.

Lýðheilsustarf á Íslandi skal hafa jafnrétti og jöfnuð að leiðarljósi.

1. Forysta til árangurs.

Til að skýra hlutverk og vinna að bættri stjórnun og samhæfingu í lýðheilsustarfi á Íslandi verði stefnumiðin til ársins 2030 eftirfarandi:

1. Stjórnvöld hafi lýðheilsu að leiðarljósi við alla áætlanagerð og stefnumótun.
2. Löggjöf sem fjallar um lýðheilsu verði skýr, hún kveði afdráttarlaust á um hlutverk heilbrigðisstofnana, sveitarfélaga og annarra sem sinna lýðheilsustarfi.
3. Hlutverk og fjárhagsleg ábyrgð stjórnvalda sem sinna lýðheilsustarfi verði vel skilgreind.
4. Stofnanir heilbrigðisráðuneytisins geri árlega eigin starfsáætlun sem taki mið af lýðheilsustefnu og aðgerðaáætlunum heilbrigðisráðherra, sem og öðrum stefnum og áætlunum hins opinbera á sviði lýðheilsu.
5. Markmið lýðheilsustarfs séu öllum ljós og upplýsingar um árangur þess séu aðgengilegar almenningi.

6. Embætti landlæknis verði áfram í forystuhlutverki í íslensku samfélagi á sviði lýðheilsu í samræmi við lög nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu, og tryggja skal fjárveitingu í samræmi við það hlutverk.

7. Efla skuli vísindarannsóknir á sviði lýðheilsu með markvissum hætti.

2. Rétt þjónusta á réttum stað.

Til að skapa heildrænt kerfi sem stuðlar að heilsu allra landsmanna og til að gæta að hagkvæmni og jafnræði verði stefnumið til ársins 2030 eftirfarandi:

1. Allir landsmenn hafi aðgang að skýrum upplýsingum um hvernig og hvert skuli leitað þegar kemur að þjónustu er varðar heilsueflingu og forvarnir.

2. Heilsuefling og forvarnir verði hluti af heilbrigðisþjónustu á öllum stigum þjónustunnar. Stuðlað verði að markvissri heilsueflingu og forvörnum, á réttum stöðum innan heilbrigðisþjónustu, m.a. með ráðgjöf um heilbrigða lifnaðarhætti og forvarnir fyrir einstaklinga og hópa, m.a. á sviði næringar, hreyfingar, geðræktar, tannverndar, kynheilbrigðis, áfengis- vímu- og tóbaksvarna.

3. Heilsugæslan taki virkan þátt í lýðheilsustarfi, m.a. í samstarfi við sveitarfélög, og stuðli þannig að aukinni samfellu og gæðum í þjónustu.

4. Efla skuli rafræna upplýsingamiðlun til landsmanna um heilsueflingu og forvarnir, svo sem í gegnum Heilsuveru.

3. Fólkið í forgrunni.

Til að tryggja markvissst lýðheilsustarf sem mætir þörfum notenda á einstaklingsmiðaðan hátt og stuðlar að heilsu allra landsmanna verði stefnumið til ársins 2030 eftirfarandi:

1. Samstarf og teymisvinna verði milli stofnana og þverfagleg nálgun einkenni vinnubrögð með það fyrir augum að tryggja aðgengi, gæði og samfellu í lýðheilsustarfi.

2. Stjórnvöld stuðli að aukinni heilsueflingu allra með því að skapa ákjósanlegar aðstæður í lífi, leik og starfi fyrir fólk á öllum æviskeiðum og með mismunandi þarfir. Skapa þarf greiða leið á milli þjónustustiga hvort sem hún snýr að t.d. þjálfun eða félags- og tómstundastarfi, t.a.m. hjá öldruðum.

3. Efla og koma á þverfaglegri heilsueflandi móttöku innan heilsugæslu fyrir alla aldurshópa og tryggja jafnt aðgengi allra að slíkri þjónustu.

4. Virkir notendur.

Til að stuðla að virkri og ábyrgri þátttöku í lýðheilsustarfi verði stefnumið málaflokksins til ársins 2030 eftirfarandi:

1. Stjórnvöld stuðli að því að allir Íslendingar verði meðvitaðir um ábyrgð á eigin heilsu, svo sem með fræðslu og vitundarvakningu um gildi forvarna og heilsueflingar, svo sem á sviði næringar, hreyfingar og geðræktar. Stjórnvöld stuðli jafnframt að auknum möguleikum á því að bera ábyrgð á eigin heilsu.

2. Allir hafi góðan aðgang að upplýsingum um heilsueflingu og forvarnir, t.d. um rafræna notendagátt eins og Heilsuveru. Allir hafi þannig aðgang að hagnýtum og gagnreyndum upplýsingum sem auðveldi þeim að stunda heilbrigðan lífsstíl og viðhalda eða bæta heilsuna.

3. Stjórnvöld stuðli að því að allir hafi viðeigandi þekkingu og færni til að taka upplýstar ákvarðanir um heilsueflingu og forvarnir og geti þannig betur borið ábyrgð á eigin heilsu, svo sem með því að auka heilsulæsi og færni almennings með markvissum hætti, m.a. með fræðslu í heilsugæslu og í menntakerfi landsins.

5. Skilvirk þjónustukaup.

Til að stuðla að hagkvæmum og markvissum lýðheilsuverkefnum í samræmi við stefnu stjórnvalda og þarfir notenda verði stefnumið málaflokksins til ársins 2030 eftirfarandi:

1. Stjórnvöld kaupi heilbrigðisþjónustu í forvarnarskyni og styrki lýðheilsustarf sem er gagnreynt, árangursríkt og sjálfbært.

2. Efla skal fjármagn til lýðheilsustarfs á Íslandi, bæði með kaupum Sjúkratrygginga Íslands á heilbrigðisþjónustu í forvarnarskyni en einnig með fjárveitingum svo sem úr lýðheilsusjóði.

3. Stjórnvöld styrki nýsköpun á sviði lýðheilsustarfs með markvissum hætti.

4. Stjórnvöld samræmi eins og kostur er kaup á þjónustu er varðar söfnun og vinnslu gagna um lýðheilsu með það að markmiði að þau nýtist sem best við stefnumótun og áætlanagerð á vettvangi hins opinbera. Mikilvægt er að það liggi skýrt fyrir hvaða gögnum er verið að safna, hvaða gögn er nauðsynlegt að séu til staðar og skýrt hvert eignarhald á gögnum er sem safnað er fyrir opinbert fé og hver hefur heimild til að nota þau gögn og með hvaða hætti.

6. Gæði í fyrirrúmi.

Til að tryggja gæði og öryggi í lýðheilsustarfi verði stefnumið til ársins 2030 eftirfarandi:

1. Íslendingar verði meðal fremstu þjóða í lýðheilsustarfi sem byggir á bestu vísindabekkingu og reynslu, m.a. með því að nota staðbundna lýðheilsuvísu og önnur viðeigandi gögn og aðferðir til greiningar, velja árangursríkar lausnir, meta framvindu og birta niðurstöður um árangur í lýðheilsustarfi.

2. Gögn um lýðheilsustarf verði samanburðarhæf milli landsvæða og við árangur annarra þjóða. Samanburður verði gerður reglulega af embætti landlæknis. Nauðsynlegt er að viðhafa markvissri gagnasöfnun til að leggja mat á árangur.

3. Tryggt verði að heilbrigðisstarfsfólk búi yfir viðeigandi þekkingu og færni og fái stuðning til að sinna heilsueflingu og forvörnum með markvissum hætti.

4. Tryggt verði að aðilar innan sveitarfélaga búi yfir viðeigandi þekkingu og færni og fái stuðning til að sinna lýðheilsustarfi með markvissum hætti.

7. Hugsað til framtíðar.

Til að tryggja áframhaldandi þróun í lýðheilsu þjóðarinnar verði stefnumið til ársins 2030 eftirfarandi:

1. heilbrigðisráðherra skipi starfshóp sem skrifar drög að frumvarpi til heildarlaga um lýðheilsu og forvarnir með áherslu á heilsueflingu og forvarnir gegn ósmitbærum sjúkdómum.

2. Markvisst verði tryggð gagnasöfnun um lýðheilsu þjóðarinnar með það að markmiði að fylgjast með framvindu og bregðast við yfirvofandi lýðheilsuógnum með áhrifaríkum hætti.

3. Efnahagslegir hvatar verði nýttir til eflingar lýðheilsu á Íslandi.

4. Efla skuli samstarf ráðuneyta og stofnanna á sviði lýðheilsu með markvissum hætti. Þá verði markvisst unnið að eflingu vísindastarfs á sviði lýðheilsu og forvarna og stutt verði við nýsköpun á sviðinu.

8. Stefnan í framkvæmd.

Til að hrinda lýðheilsustefnu til ársins 2030 í framkvæmd verði gerðar áætlanir um aðgerðir til fimm ára í senn. Slíkar áætlanir verði uppfærðar árlega meðan lýðheilsustefnan er í gildi. Heilbrigðisráðherra leggi árlega fram aðgerðaráætlanir lýðheilsustefnunnar til umræðu á Alþingi.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Nauðsynlegt er að stefnumótun fyrir lýðheilsu hvíli á traustum grunni og ríkja þarf sátt um þau sjónarmið sem eru leiðarljós lýðheilsustefnu á Íslandi til ársins 2030. Markmið þessarar ályktunar er að koma á slíkri sátt. Að því virtu er talið mikilvægt að Alþingi Íslendinga ræði og álykti um lýðheilsustefnu til ársins 2030.

Samkvæmt lögum, nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu er heilbrigðisþjónusta hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, sjúkrahúsþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjapjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga. Fyrsta stigs heilbrigðisþjónusta er samkvæmt lögnum heilsugæsla, heilsuvernd, og forvarnir, bráða- og slysamóttaka og önnur heilbrigðisþjónusta á vegum heilsugæslustöðva. Þjónusta og hjúkrun á hjúkrunarheimilum, í hjúkrunar- og dvalarrýmum stofnana og dagdvöl. Annars stigs heilbrigðisþjónusta er heilbrigðisþjónusta sem veitt er á sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna samkvæmt ákvörðun ráðherra eða samningum sem gerðir eru í samræmi við ákvæði VII. kafla laganna og lögum sjúkratryggingar og önnur þjónusta sem að jafnaði er ekki veitt á heilsugæslustöðvum og fellur ekki undir 4. tölul. 4. gr. laganna. Þá er þriðja stigs heilbrigðisþjónusta sem veitt er á sjúkrahúsi og krefst sérstakrar kunnáttu, háþróaðrar tækni, dýrra og vandmeðfarinna lyfja og aðgengis að gjörgæslu.

Með vísan til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2030 er lögð til tillaga til þingsályktunar um lýðheilsustefnu í því skyni að halda áfram þeirri vegferð sem lögð var fram í lýðheilsustefnu frá 2016. Með henni var mótaður fyrsti hluti stefnu og aðgerða sem stuðla að heilsueflandi samfélagi og bættri lýðheilsu á öllum aldurs skeiðum. Hins vegar er nauðsynlegt að taka fram að ályktuninni er ekki ætlað að afnema eða taka við af þeirri stefnu, sem samþykkt var af ríkisstjórn árið 2016 og gefin út af velferðarráðuneytinu, enda mikilvægt að halda áfram þeim aðgerðum sem kveðið er á um í þeirri stefnu. Gengið er út frá því að þingsályktunin og áðurnefnd lýðheilsustefna gangi í takt í þeirri vegferð að bæta lýðheilsu á Íslandi.

Eins og fram kemur í heilbrigðisstefnu til ársins 2030 þá hefur góð heilbrigðisþjónusta áhrif á lífslíkur, heilsu og vellíðan landsmanna en þrátt fyrir það eru aðrir þættir sem mestu skipta. Umhverfisþættir eru miklir áhrifavaldar, svo sem aðgangur að hreinu vatni, tæru lofti og heilnæmum matvælum. Efnahagslegir þættir, félagslegir þættir og gott velferðarkerfi hafa einnig mikið að segja. Ábyrgð einstaklinga á eigin heilsu og vellíðan er jafnframt rík. Um allt þetta er fjallað í framkvæmdaáætlun um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem Ísland tekur þátt í að hrinda í framkvæmd í samvinnu við aðrar þjóðir. Þannig er jafnframt rétt að líta til þessara þátta við lestur og túlkun þessarar ályktunar. Þannig segir t.d. í fyrsta lið fyrsta kafla ályktunarinnar að stjórnvöld hafi lýðheilsu að leiðarljósi við alla áætlanagerð og stefnumótun.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin skilgreinir heilbrigði sem líkamlega, andlega, félagslega vellíðan en ekki einungis það að lifa án sjúkdóma og örorku. Á öllum æviskeiðum hafa margir þættir áhrif á getu einstaklinga til að hlúa að heilsu sinni og eiga innihaldsríkt líf. Margvíslegir þættir hafa áhrif og skipta máli að því er varðar heilbrigði, en einstaklingarnir sjálfir geta einnig haft áhrif með þeim lífsstíl sem þeir temja sér. Má þar nefna mataræði, hreyfingu, geðrækt, svefn, tóbaks-, áfengis og vímuefnaneyslu og samskipti fjölskyldu og vina. Heilsuefling er ferli sem gerir fólki kleift að hafa aukin áhrif á heilsu sína og bæta hana og er þar heilðræn nálgun lykillinn að árangri. Áðurnefnd lýðheilsustefna, sem samþykkt var árið 2016, hefur þá framtíðarsýn að sveitarfélög, skólakerfið, vinnustaðir og stofnanir séu heilsueflandi og vinni að því að auka hreyfingu og útvíst, bæta mataræði og efla geðrækt

landsmanna þar sem slíkt leiðir til betri heilsu og vellíðanar. Þá skuli heilsusjónarmið vera lykilstefið í allri stefnumótunavinnu sem liður í því að innleiða hugmyndafræðina heilsu í allar stefnur. Stefna og aðgerðir yfirvalda til að styðja við ákvarðanatöku einstaklinga er því snar þáttur í að styðja við heilsusamlegt lífni.

Heilbrigði er afurð af flóknu samspili einstaklinga og þeirra nánasta umhverfis og er sameiginlegt viðfangsefni samfélagsins alls, innan sem utan heilbrigðiskerfisins. Margir þættir hafa áhrif á heilsu manna sem og framvindu sjúkdóma. Skilgreindir eru fjölmargir þættir sem kalla má áhættuþætti og ákvörðunarþætti fyrir heilbrigði, og sem hafa áhrif á heilsufar einstaklinga og þjóðar. Þessir þættir eru oft samverkandi og tengdir lífnaðarháttum, líffræðilegum- og samfélagslegum þáttum og aðstæðum. Þrátt fyrir að ályktunin fjalli að mestu um lýðheilsu innan heilbrigðiskerfisins er rétt að hafa þessi atriði í huga. Sérstaklega að því er varðar t.a.m. 7. kafla ályktunarinnar.

Lýðheilsa er þverfaglegt hugtak sem hefur breiða skilgreiningu. Lýðheilsustarf í heild sinni byggist í raun á þverfaglegu samstarfi og samvinnu í samfélaginu og felur í sér að viðhalda og bæta heilbrigði, líðan og aðstæður þjóðarinnar og þjóðfélagshópa með heilsueflingu, forvörnum, rannsóknum og heilbrigðisþjónustu. Lýðheilsa snertir auk heilbrigðismála, m.a. félagsmál, umhverfismál og efnahagsmál, eins og segir í áður nefndri lýðheilsustefnu frá árinu 2016.

Heilbrigðisvandi vegna ýmissa langvinnra sjúkdóma hefur farið vaxandi og leitt til aukins álags á heilbrigðiskerfið á síðustu áratugum. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin telur langvinna sjúkdóma, eins og hjarta- og æðasjúkdóma, krabbamein, lungnasjúkdóma, sykursýki og geðsjúkdóma, vera eina helstu ógn við heilsu manna. Í heilbrigðisstefnu kemur fram að talið sé að þessir sjúkdómar valdi um 70% dauðsfalla í heiminum á ári hverju og að tengja megi slíka sjúkdóma að mestu við þann lífstíl sem Vesturlandabúar hafa tamið sér á síðustu áratugum.

Margvísleg tækifæri felast í þeim áskorunum sem heilbrigðiskerfið stendur frammi fyrir og þau tækifæri er mikilvægt að nýta. Eitt af megintækifærunum eru á sviði lýðheilsamála, m.t.t. heilsueflingar og forvarna vegna þess ávinnings sem fólgin er í slíkum aðgerðum bæði út frá lífsgæðum fólksins í landinu og einnig út frá efnahagslegum sjónarmiðum. Með því að leggja áherslu á að fyrirbyggja sjúkdóma og auðvela fólki að velja heilbrigða lífnaðarhætti má draga úr líkum á því að það búi við slæma heilsu síðar á æviskeiðinu eða seinka því að heilsunni hraki. Það er því mikilvægt að leggja áherslu á aðgerðir sem miða að betri lýðheilsu sem nær til allrar þjóðarinnar. Íslendingar eru í vaxandi mæli meðvitaðir um lífsstíl sem stuðlar að góðri heilsu. Góður árangur hefur náðst í því að draga úr tóbaksreykingum og skaðlegri notkun áfengis og þekking á mikilvægi réttis mataræðis og hreyfingar aukist. Þá má gera betur í þessum efnum, en yfirþyngd og offita, merki um skort á svefni hjá ýmsum aldurshópum sem og andleg heilsa er áhyggjuefni.

Í ályktuninni er lögð megináhersla á heilsueflingu og forvarnir sem skulu verða hluti af allri þjónustu, sérstaklega hjá heilsugæslunni. Til þess að markmið stefnunnar verði að veruleika eru lögð fram meginviðfangsefni sem ætlað er að styrkja stöðir lýðheilsu á Íslandi með jafnrétti og jöfnuð að leiðarljósi. Margt bendir til þess að félagsleg staða og kyn hafi áhrif á veitta þjónustu sem og aðgengi að þjónustunni og er því mikilvægt að unnið verði að því að öll þjónusta verði veitt á jafnréttisgrundvelli svo að sem mestum árangri verði náð. Þá þarf að taka tillit til breyttrar samsetningar þjóðarinnar þar sem hlutfall fólks af erlendu bergi brotið fer vaxandi. Mikilvægt er að huga að því hvaða kröfur, t.d. fjölmennig og búseta gerir til heilbrigðisþjónustunnar með aðgengi að leiðarljósi. Einnig þarf að tryggja að fræðsluefni og efni til eflingar á heilsulæsi nái til sem flestra.

2. Framsetning tillögunnar.

Tillögunni er efnislega skipt upp í sjö liði sem fjalla um meginviðfangsefni ályktunarinnar. Er kaflaskipting tillögunnar sú sama og finna má í heilbrigðisstefnu til ársins 2030 en talið er mikilvægt að nálgast viðfangsefnið á sama hátt og gert er í heilbrigðisstefnu til að tryggja samfellu í stefnumörkun stjórnvalda á þessu sviði. Í áttunda og síðasta liðnum er fjallað um stefnuna í framkvæmd.

2.1. Forysta til árangurs.

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni felur lýðheilsa í sér markvissar aðgerðir hins opinbera og annarra sem miða að því að bæta heilsu, líðan og lífsgæði þjóða og þjóðfélagshópa. Mikilvægt er að yfirvöld ryðji veginn fyrir einstaklinga svo að þeim sé gert auðveldara að taka ábyrgð á eigin heilsu. Skapa þarf umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa með sjálfbærni, jöfnuð og þátttöku allra að leiðarljósi. Virkja þarf þátttöku samfélagsins í heild, þ.m.t. hagsmunaaðila af öllum sviðum samfélagsins líkt og m.a. unnið er að í tengslum við starf heilsueflandi samfélags, skóla og vinnustaða. Til þess að ná sem umfangsmestum árangri í lýðheilsu er mikilvægt að tekið sé tillit til lýðheilsusjónarmiða við alla áætlanagerð og stefnumótun stjórnvalda. Sérstaklega brýnt er að tryggja að lýðheilsusjónarmið séu höfð til grundvallar við stefnumótun og áætlanagerð í heilbrigðismálum, félagsmálum, menntamálum, skipulags- og samgöngumálum, umhverfismálum, nýsköpunar- og vísindarannsóknatengdum málum og skatta- og efnahagsmálum. Þá þarf löggjöf að vera skýr og kveða afdráttarlaust á um hlutverk heilbrigðisstofnana, sveitafélaga og annarra sem sinna lýðheilsustarfi. Enn fremur þurfa markmið lýðheilsustarfs að vera öllum ljós og upplýsingar um árangur þess séu aðgengilegar almenningi. Þá er mikilvægt að tryggja fjármagn til vísindarannsókna á sviði lýðheilsu, bæði til að auka þekkingu á áhrifaþáttum heilbrigðis sem og til að meta árangur af lýðheilsustarfi.

Í þingsályktun um siðferðileg gildi og forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu, sem samþykkt var á Alþingi vorið 2020 kemur fram að við mat á þörf fyrir þjónustu skuli horft til þarfa notandans en einnig til þarfa samfélagsins í heild, þ.m.t. heilsueflingar og aukins aðgengis að upplýsingum og öðru sem styður fólk til að huga betur að heilsunni. Þar af leiðandi verði jafnframt lögð áhersla á heilsulæsi og forvarnir. Þá segir í greinargerð með ályktuninni að sem liður í því að veita hagkvæma og skilvirka heilbrigðisþjónustu sé áriðandi að nýta gagnreynda heilsueflingu sem er til þess fallin að efla lýðheilsu og draga úr þörf notenda fyrir frekari heilbrigðisþjónustu. Mikilvægt sé að auka heilsueflingu í samfélaginu, m.a. til að koma í veg fyrir lífsstíllssjúkdóma sem leggja aukna byrði á heilbrigðiskerfið.

Nýta þarf umfangsmiklar fyrirliggjandi upplýsingar um heilsu þjóðarinnar, en slíkar upplýsinga bjóða upp á mikla möguleika til vísindarannsókna til hagsbóta fyrir lýðheilsu þjóðarinnar sem og færni og menntun heilbrigðisstétta. Þannig er mikilvægt að efla vísindarannsóknir á sviði lýðheilsu á Íslandi.

2.2. Rétt þjónusta á réttum stað.

Þjónusta heilsugæslunnar er skilgreind sem fyrsta stigs þjónusta, sem fólk leitar fyrst með sín vandamál ef ekki um bráð veikindi er að ræða, og þar er áhersla lögð á heilsueflingu og forvarnarstarf, svo sem með því að veita heilbrigðisupplýsingar og styðja fólk til þess að temja sér heilbrigðan lífsstíl. Efling heilsugæslunnar sem fyrsta viðkomustaðar í heilbrigðiskerfinu er mikilvægur þáttur í eflingu heilbrigðiskerfisins í heild. Með sterkari heilsugæslu, sem er burðarstólpi í markvissri heilsueflingu og forvarnarstarfi á landsvísu, og skýrari

verkaskiptingu innan heilbrigðiskerfisins stuðlum við að því að Landspítali þjóni sínu meginmarkmiði enn betur sem er að sinna veikasta fólkinu og þeim sem lenda í alvarlegum slysum og heilsubresti. Þannig stígum við mikilvæg skref í áttina að betra heilbrigðiskerfi fyrir alla landsmenn. Allir landsmenn þurfa jafnframt að hafa aðgang að skýrum upplýsingum um hvernig og hvert skuli leitað þegar kemur að slíkri þjónustu. Þá verður heilsuefning og forvarnir að vera hluti af allri heilbrigðisþjónustu.

Embætti landlæknis hefur af miklum krafti staðið að heilsuefningu um allt land með öflugum ráðgjafarstarfi og stuðningi við skóla og sveitarfélög. Mikilvægt er að þetta starfi verði eft enn frekar og fái dyggan stuðning stjórnvalda og að heilbrigðisþjónustan, sérstaklega heilsugæslan, taki virkan þátt í þessu starfi.

Í heilbrigðisstefnu kemur fram að breytingar í skipulagi heilbrigðisþjónustu samtímans endurspegli jafnan þarfir og tæknilegar lausnir gærdagsins. Breytingar hafi meðal annars falist í því að sameina þjónustubætti, setja á fót svokölluð þekkingarsetur (e. Centres of excellence) og loka einingum sem ekki standast kröfur um gæði, öryggi og skilvirkni. Að baki býr vitneskja um að mannaúður og annar auður sem heilbrigðiskerfið byggir á sé takmarkaður og því betra að þjappa saman færni, kunnáttu og þekkingu frekar en að dreifa kröftunum um of. Í þessu samhengi er vert að skoða hvort setja eigi á stofna þekkingarsetur um lýðheilsu og forvarnir innan heilsugæslunnar. Hins vegar gæti jafnframt verið rétt að líta frekar til hlutverks Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu að því er þetta varðar og m.a. auka samstarf hennar við Embætti landlæknis og aðra hagaðila, svo sem sveitarfélög. Huga þarf að aðgengi viðkvæmra hópa að þjónustunni, þar sem fólk sem býr við andlega og líkamlega fötlun, alvarlega geðsjúkdóma, fíknisjúkdóma og örorku af öðrum toga, getur átt erfitt með að nýta sér þá þjónustu sem er í boði. Grípa þarf til sérstakra aðgerða til að tryggja aðgengi þessara hópa að heilsuefandi þjónustu. Í þessu samhengi er mikilvægt að nýta nýjungar í tækni sem auðvelda aðgengi að þjónustu, t.d. með fjarheilbrigðisþjónustu.

Þá er talið mikilvægt að leggja til að efla skuli rafræna upplýsingamiðlun til landsmanna um heilsuefningu og forvarnir, svo sem í gegnum Heilsuveru.

2.3. Fólkið í forgrunni.

Með fólkið í forgrunni felur m.a. í sér að innleiða einstaklingsmiðaða nálgun í heilbrigðisþjónustuna og lýðheilsustarf, þar sem fókusinn er á þarfir einstaklingsins, fjölskyldna eða samfélaga/hóp fólks í tengslum við þeirra umhverfi, um leið og viðkomandi er hvattur til að taka ábyrgð á þáttum sem geta aukið heilbrigði og vellíðan, fremur en að vera óvirkur viðtakandi þjónustu.

Með fólkið í forgrunni á einnig við um veitendur heilbrigðisþjónustunnar. Það er mikilvægt að hlú vel að mönnum og aðbúnaði, byggja upp þverfaglegt samstarf og teymisvinnu til að tryggja samfellu í þjónustu, og styðja þarf vel að framþróun fagþekkingar til að unnt sé veita bestu mögulegu þjónustu á hverjum tíma. Þannig þarf samstarf og teymisvinna að vera milli stofnana og þverfagleg nálgun einkenni vinnubrögð með það fyrir augum að tryggja aðgengi, gæði og samfellu í lýðheilsustarfi.

Þjónusta heilsugæslunnar er skilgreind sem fyrsta stigs þjónusta, sem fólk leitar fyrst með sín vandamál ef ekki um bráð veikindi er að ræða, og þar er áhersla lögð á heilsuefningu og forvarnarstarf, svo sem með því að veita heilbrigðisupplýsingar og styðja fólk til þess að temja sér heilbrigðan lífsstíl.

Vinna að umbótum í lýðheilsu þjóðarinnar krefst þess að vel sé hugað að þeim mannaði sem kemur að eflingu þjónustu í þágu lýðheilsu þjóðarinnar. Heilbrigðisþjónusta nútímans er flókin og krefst mikils mannafla og sérþekkingar á mörgum sviðum. Þjónusta í þágu lýðheilsu

og forvarna er ekki undanskilin þessu ef til vill sérstaklega mikilvægt að slík þjónusta byggji á þekkingu marga fagstétta sem vinna saman að settu markmiði. Í þessu samhengi þarfa að skoða hvort fjölga eigi þátttöku stétta innan heilsugæslunnar í þágu lýðheilsustarfs, t.d. með aukinni aðkomu næringarfræðinga, sjúkraþjálfara, sálfræðinga og fleiri stétta, m.t.t. þverfaglegar nágunnar.

2.4. Virkir notendur.

Mikilvægur liður í heilbrigðisþjónustu er að veita almenningi upplýsingar sem gera fólki mögulegt að skilja hvaða þættir hafa áhrif á heilsu og vellíðan og hvernig auka megi líkur á því að halda góðri heilsu. Þá er gríðarlega mikilvægt að stjórnvöld meti þarfir þjóðarinnar og áskoranir á sviði lýðheilsu og forvarna á hverjum tíma til þess að hægt sé að taka rökstuddar ákvarðanir um aðgerðir í þágu lýðheilsu þjóðarinnar.

Heilsulæsi felst í getu og framgöngu einstaklingsins til að nálgast, skilja, og hagnýta sér upplýsingar til að stuðla að heilbrigði. Ábyrgð einstaklingsins felst í frumkvæði til að afla sér og meðtaka upplýsingar um hvað hefur góð áhrif á líkamlega, andlega og félagslega heilsu, þ.e. að hagnýta sér upplýsingar um heilbrigðan lífsstíl og aðstæður. Hægt er að auka heilsulæsi fólks og möguleika þess til að axla ábyrgð á eigin heilsu með markvissu starfi þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu. Þetta þarf að gera í náinni samvinnu við notendur heilbrigðisþjónustunnar og mikilvægt er að taka tillit til ólíkra þarfa mismunandi hópa. Þar geta skipt máli þættir eins og aldur, búseta, andleg og líkamleg fötlun, menningarlegur bakgrunnur, væntingar og ýmsar aðrar aðstæður. Ábyrgð heilbrigðiskerfisins kristallast í markvissu og öfluglu starfi í heilsueflingu og forvörnum, og ábyrgð samfélagsins í heild felst m.a. í að styðja undir heilsuhegðun einstaklinga með ýmsu móti.

Til að stuðla að virkri og ábyrgri þátttöku almennings í lýðheilsustarfi þarf að tryggja góðan aðgang að upplýsingum og þekkingu, svo sem á heilsugæslustöðum og um rafræna notendagátt eins og Heilsuveru, til að almenningur geti tekið upplýstar ákvarðanir um heilsueflingu og forvarnir. Notkun upplýsingatækni og stafrænna lausna í heilbrigðisþjónustunni fer vaxandi og mun halda áfram að aukast á komandi árum. Þetta á jafnt við um veitendur og notendur þjónustunnar.

Mikilvægt er að allir landsmenn hafi aðgang að hagnýtum og gangreyndum heilbrigðisupplýsingum sem auðveldi þeim að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl og góða heilsu.

2.5. Skilvirk þjónustukaup.

Mikilvægt er að stuðla að hagkvæmum og markvissum lýðheilsuverkefnum í samræmi við stefnu stjórnvalda og þarfir notenda. Í þingsályktun um heilbrigðisstefnu til ársins 2030 segir að Sjúkratryggingar Íslands annist alla samningagerð um kaupa á heilbrigðisþjónustu fyrir hönd ríkisins, hvort sem um er að ræða þjónustu opinberra aðila eða einkaaðila. Að því virtu er talið mikilvægt að nefna hlutverk Sjúkratrygginga Íslands í þessum kafla ályktunarinnar. Þannig er talið nauðsynlegt að efla fjármagn til lýðheilsustarfs á Íslandi, bæði með kaupum Sjúkratrygginga Íslands á heilbrigðisþjónustu í forvarnaskyni en einnig með fjárveitingum svo sem úr lýðheilsusjóði. Þá er sjálfbærni sérstaklega nefnd í þessum kafla ályktunarinnar þar sem talið er mikilvægt að efla það starf sem fer fram á hverjum stað í landinu og byggja á því sem þegar er til staðar. Með þessu er t.d. átt við að rétt er að þjálfarar og auka þekkingu fólks í byggðum landsins í stað þess sérfræðingur komi og veiti þjónustu og fari eftir tiltekinn tíma án þess að skilja færni og þekkingu á lýðheilsustarfi eftir á staðnum.

Nýsköpun er mikilvæg til að efla lýðheilsustarfs og þannig heilsu þjóðarinnar. Lagt er til að stjórnvöld styrki nýsköpun á sviðinu með markvissum hætti. Í þessu ljósi væri jafnframt

hægt að horfa til lýðheilsusjóðs og hvort ekki sé eðlilegt að auka núverandi fjármagn í lýðheilsusjóð.

Við kaup á þjónustu verði ávallt gerðar kröfur um gæði þjónustunnar með hliðsjón af tilætluðum árangri, góðu aðgengi og öryggi almennings.

Miklu skiptir að fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar af hálfu hins opinbera byggist á skýrri sýn sem tryggir að fjármunum sé varið til þeirrar þjónustu sem mest þörf er fyrir á hverjum tíma og í samræmi við skynsamlega forgangsröðun. Á heilbrigðisþingi haustið 2019 sem fjallaði um siðferðileg gildi og forgangsröðun kom fram skýrt ákall um aukna áherslu á fjárveitingar til forvarnarverkefna þannig að unnið yrði í að því með sem hagkvæmustum hætti að koma í veg fyrir kostnaðarsöm veikindi einstaklinga með fjárveitingum til forvarna. Þá var lögð áhersla á að of litlum fjármunum væri varið til heilsuefningar og forvarna sem væru í raun kostnaðrahagkvæmasta leiðin til þess að verja fjármunum innan heilbrigðisþjónustunnar. Í stað þess væri ítrekað unnið við það að slökkva elda innan kerfisins í stað þess að byrgja brunninn.

Hingað til hafa Sjúkratryggingar Íslands fyrst og fremst gegnt hlutverki við kaup á heilbrigðisþjónustu sem fellur undir annars og þriðja stígs heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, en þó sinnt kaupum á heilbrigðisþjónustu á fyrsta stigi fyrst og fremst er varðar hjúkrunar- og dvalarrými stofnana og dagdvöl. Mikilvægt er að Sjúkratryggingar Íslands gegni í auknu mæli kaupum á heilbrigðisþjónustu á fyrirbyggjandi og kostnaðarhagkvæman hátt með það að markmiði að koma í veg fyrir veikindi einstaklinga síðar meir, þ.e. heilbrigðisþjónustu í heilsuefningu og forvörnum.

Síðasti liður kaflans fjallar sérstaklega um söfnun gagna. Gunnurinn að markvissu lýðheilsustarfi er að til staðar séu gögn um m.a. lifnaðarhætti, heilsu og líðan á öllum æviskeiðum, ásamt upplýsingum um framboð, aðgengi og gæði umhverfis, félagslegra og efnahagslegra aðstæðna, þ.m.t. ýmiss konar þjónustu, sem hafa áhrif ásamt upplýsingum um einstakingsbundna þætti s.s. þekkingu, viðhorf og trú á eigin getu. Gögnum sem þessum má safna með ýmsum hætti m.a. með framkvæmd kannana á landsvísu. Ísland er fámenn þjóð og því sérstaklega mikilvægt að þeim gögnum sem er safnað, ekki síst fyrir opinbert fé, nýtist sem best í starfi ríkis og sveitarfélaga. Til dæmis er fámenni takmarkandi þáttur í úrtakskönnunum á meðal fullorðinna í stórum hluta sveitarfélaga og einnig kann að vera æskilegt að stilla í hóf fjölda kannana á meðal barna og ungmenna í skólum. Við stefnumótun og áætlanagerð er alla jafna best að vinna með eins ný gögn og hægt er og því skiptir miklu máli að stjórnvöld hafi greiðan aðgang að nauðsynlegum gögnum að uppfylltum viðeigandi kröfum. Frekari samræming hvað þetta varðar, sem innifelur samstarf við undirbúning og framkvæmd kannana ásamt greiningu niðurstaðna til að hámarka notagildi þeirra, ætti m.a. að stuðla að aukinni hagkvæmni og markvissara lýðheilsustarfi.

2.6. Gæði í fyrirrúmi.

Meginþættir gæða í heilbrigðisþjónustu eru eftirfarandi: Öryggi, rétt tímasetning, skilvirk og árangursrík þjónusta, jafnræði og notendamiðuð þjónusta.

Embætti landlæknis hefur lögum samkvæmt það hlutverk að efla gæði og öryggi í allri heilbrigðisþjónustu og hafa eftirlit með henni. Gæði og öryggi eru nátengd hugtök og samofin þar sem öryggi þjónustunnar hefur mikil áhrif á gæði hennar. Til þess að sinna þessu hlutverki gefur embættið m.a. út tilmæli, viðmið, fyrirmæli og leiðbeiningar, fylgist með því að faglegar kröfur hvarvetna í heilbrigðisþjónustunni séu uppfylltar og hefur eftirlit með heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstarfsfólki. Í þessu skyni velur embættið einnig tiltekna gæðavísa sem sýna gæði og öryggi á mælanlegan hátt.

Mikilvægt er að embætti landlæknis hafi aðgang að öllum þeim gögnum sem talin eru nauðsynleg. Þetta er forsenda ákvarðanatöku og framþróunar í lýðheilsustarfi á Íslandi. Þá er talið rétt að leggja til að Ísland verði í forustu í að birta niðurstöður um tilætlaðan árangur í lýðheilsustarfi öllum þjóðum til hagsbóta. Í þessu ljósi er jafnframt rétt að líta inn á við og horfa til þess að gögn um árangur í lýðheilsustarfi verði samanburðarhæfur milli landsvæða á Íslandi.

Þegar lítið er til árangurs í heilbrigðisþjónustu hér á landi á alþjóðavísu eru oft tekin dæmi um heilsueflingar og forvarnarverkefni. Ungbarna- og mæðradauði hér á landi er með því lágsta sem þekktist í heiminum. Árangur almennra bólusetninga hefur verið góður og hafa bólusetningar nánast útrýmt þeim sjúkdómum sem bóluset er gegn og komið í veg fyrir fjölda dauðsfalla og annarra alvarlegra afleiðinga. Einnig hefur árangur í skimun og meðferð ýmissa krabbameina verið góður. Þá hefur árangur í tóbaksvörnum, sem og áfengis- og vímuefnavörnum verið eftirtektarverður á heimsmælikvarða. Hins vegar liggja fyrir miklar áskoranir á sviði lýðheilsamála. Eins og fram hefur komið er yfirþyngd og offita Íslendinga áhyggjuefni, of lítill svefn í ýmsum aldursflokkum sem og andleg heilsa. Nýta þarf þá mikilvægu reynslu sem unnist hefur á öðrum sviðum við að efla forvarnir á þessum sviðum til árangurs. Í því samhengi gegnir embætti landlæknis lykilhlutverki sem sú stofnun sem leiðir heilsueflingarvinnu stjórnvalda.

2.7. Hugsad til framtíðar.

Í kaflanum eru settar fram tillögur í þeim tilgangi að tryggja áframhaldandi þróun í lýðheilsu þjóðarinnar.

Lagt er til að heilbrigðisráðherra skipi starfshóp sem skrifi drög að frumvarpi til heildarlaga um lýðheilsu með það að leiðarljósi að vernda og bæta heilbrigði þjóðarinnar. Slíkt frumvarp er talið mikilvæg til að skapa lagaramma sem styður við uppbyggingu á öflugu lýðheilsustarfi á landinu. Sem dæmi gæti slíkt frumvarp geta skapað grundvöll fyrir skipulag, stjórnsýslu og fjármögnun á lýðheilsustarfi, sett mörk/ramma til verndar almennings gegn áhættuþáttum heilbrigðis, skapað stefnu varðandi faglegar kröfur og gæði í lýðheilsustörfum, og stjórnað söfnun, aðgangi og notkun lýðheilsuupplýsinga. Við vinnu við slíkt lagafrumvarp þyrfti m.a. að taka tillit til laga um landlæknis og lýðheilsu, nr. 41/2007. Í slíkri vinnu verður jafnframt að horfa til sambærilegrar lagasetningar í þeim löndum sem við almennt berum okkur saman við.

Með lýðheilsu er átt við aðgerðir hins opinbera og annarra sem miða að því að viðhalda og bæta heilbrigði, líðan og aðstæður einstaklinga, þjóðfélagshópa og þjóðarinnar í heild með heilsueflingu, forvörnum og heilbrigðisþjónustu.

Heilsuefling miðar að því að hafa áhrif á lifnaðarhætti fólks og gera því kleift að lifa heilsusamlegu lífi við heilnæmar aðstæður. Með heilsueflingu er leitast við að efla heilbrigði með því að skapa fólki félagslegar, menningarlegar og efnahagslegar aðstæður og umhverfi sem gera einstaklingum og samfélaginu kleift að auka hreysti og efla vitund og vilja til að viðhalda heilbrigði. Því er ljóst að heilsuefling krefst samvinnu og samræmdra, þverfaglegra aðgerða á samfélagslegum grunni og nær til þátta utan hefðbundinnar heilbrigðisþjónustu. Þá er jafnframt talið mikilvægt í þessu ljósi að leggja til að efnahagslegir hvatar verði nýttir til eflingar lýðheilsu á Íslandi. Í stjórnarsáttamála núverandi ríkisstjórnar kemur fram að skoðuð verði beiting efnahagslegra hvata til eflingar lýðheilsu. Þann 15. janúar 2019 fólk heilbrigðisráðherra embætti landlæknis að gera aðgerðaáætlun til að draga úr sykurneyslu landsmanna. Embætti landlæknis skilaði í kjölfarið aðgerðaáætlun í 14 liðum til heilbrigðisráðherra sem var í framhaldi kynnt ríkisstjórn á fundi hennar í maí árið 2019. Í

aðgerðaráætlun Embættis landlæknis eru m.a. nefndar eftirfarandi tillögur: hærri álögur á óhollustu og lægri álögur á hollustu, landskönnun á matarræði og reglulegt vöktun áhrifaþátta heilbrigðis, hollara matarframboð í íþróttamannvirkjum og aukin heilbrigðisfræðsla á öllum skólastigum. Þann 2. mars 2020 skipaði heilbrigðisráðherra starfshóp sem hafði það verkefni að skila heilbrigðisráðherra útfærslum á innleiðingu aðgerða úr aðgerðaáætlun embættis landlæknis. Meginniðurstöður starfshópsins um tillögu Embætti landlæknis um hærri álögur á óhollustu og lægri álögur á hollustu voru að sterk vísindaleg rök væru fyrir því að nota efnahagslega hvata til eflingar lýðheilsu; bæði hækkaðar álögur á óhollustu og lækkaðar álögur á hollustu. Neysla á sykurrikum matvælum væri meiri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Sama gildir um algengi offitu, sem hefur sterk orsakatengsl við sykrud matvæli, sér í lagi sykraða drykki. Í niðurstöðum starfshópsins kom fram að frumniðurstöður úr landskönnun á matarræði landsmanna fyrir árin 2019-2020 og aldurshópin 18-50 ára sýni að framlag sykraðra gos- og svaladrykkja, íþrótt- og orkudrykkja til sykurneyslu (viðbættur sykur) er 35%. Framlag sælgætis til sykurneyslu 18-50 ára á sama tímabili væri 19% og framlag úr kexi, kökum og sætabrauði 16%. Samanlagt framlag þessara þriggja flokka til sykurneyslunnar er því um 70% fyrir þennan aldurshóp. Í niðurstöðum starfshópsins segir jafnframt að eins og fram hefur komið í aðgerðaáætlun embættis landlæknis frá maí 2019 eru álögur á sykrud matvæli talin sú aðgerð sem beri hvað mestan árangur til að draga úr sykurneyslu. Þá lagði starfshópurinn til að sett verði í forgang að hækka álögur á gos- og svaladrykki, íþrótt- og orkudrykki og vatnsdrykki sem innihalda sítrónusýru (E330) óháð því hvort drykkirnir innihalda sykur eða sætuefni, þannig að verð drykkjanna hækki að minnsta kosti um 20%. Samkvæmt niðurstöðum starfshópsins liggur fyrir að sykurlausir gosdrykkir viðhalda löngun í sætt bragð og kalla því á neyslu annarra sætinda. Þá innihalda þeir sýrur, líkt og sykraðir drykkir, sem hafa glerungseyðandi áhrif. Mikilvægt er að taka fram að starfshópurinn leggur ekki til álögur á hollari valkosti eins og sódavatn sem inniheldur ekki sítrónusýru. Þá mælti starfshópurinn með því að einnig verði hækkaðar álögur á sælgæti, orku- og próteinstykki, kex, kökur og sætabrauð; en þessar vörur leggja samanlagt um 35% til sykurneyslunnar skv. niðurstöðum starfshópsins. Starfshópurinn tók fram að til greina kæmi að hækka álögur á þessar vörur í seinna skrefi á eftir hækkun á drykkjum sem nefndir eru að ofan. Starfshópurinn mælti jafnframt með því að verðhækkunin sem ná má fram með auknum álögum leiði til að minnsta kosti 20% hækkunar á þeim vörum sem falla undir áður nefnda flokka. Samhliða hækkunum álögum á ofantalda vörflokkum mælti starfshópurinn með lækkunum álögum á grænmeti og ávexti en neysla ávaxta og grænmetis er langt undir ráðleggingum samkvæmt könnunum sem embætti landlæknis hefur lagt fyrir landsmenn. Starfshópurinn lagði jafnframt til að vörugjöld verði lögð á gos- og svaladrykki, íþrótt- og orkudrykki og vatnsdrykki sem innihalda sítrónusýru, sælgæti, orku- og próteinstykki, kex, kökur og sætabrauð þannig að hækkunin nemi a.m.k. 20% í heildina. Meirihluti starfshópsins telur þó ekki haldbær rök fyrir því að skattleggja óhollar vörur líkt og gosdrykki í 11% þrepi virðisaukaskattskerfisins líkt og nú er gert heldur færi betur að færa þær undir hið almenna 24% þrep. Þar sem vörurnar eru skattlagðar í lægra þrepi virðisaukaskattskerfisins megi færa rök fyrir því að það auki aðgengi að óhollum vörum eins og gosdrykkjum. Meirihluti starfshópsins lagði einnig til að afnema virðisaukaskatt (færa í 0% skattþrep) af grænmeti og ávöxtum en fordæmi um slíkt eru nú þegar til í lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt fyrir ýmsa starfsemi. Minnihluti starfshópsins taldi ekki rétt að gerðar verði breytingar á virðisaukaskattskerfinu til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt líkt og meirihlutinn telur best. Í því sambandi bendir minnihlutinn á að virðisaukaskattskerfið er eitt mikilvægasta tekjuöflunarkerfi ríkisins. Það var mat minnihlutans að þær breytingar á

virðisaukaskattskerfinu sem meirihlutinn leggur til leiði að öllum líkindum til aukins flækjustigs og ójafnræðis í kerfinu en markvisst hefur verið unnið að einfalda síðustu ár með breikkun skattstofna og fækkun undanþága með aukna skilvirkni að leiðarljósi. Ef ekki er unnt að auka aðgengi að hollustu með færslu ávaxta og grænmetis í 0% þrep virðisaukaskatts leggur starfshópurinn til að auka aðgengi leik- og grunnskólabarna að grænmeti og ávöxtum með hollustustyrkjum fyrir grænmetis- og ávaxtastundir í leik- og grunnskólum; en dæmi eru um að dregið hafi verið úr framboði grænmetis og ávaxta í leik- og grunnskólum í sparnaðarskyni. Slíkt hefur mikil áhrif enda ættu t.d. leikskólabörn að fá allt að 70% af orku- og næringarefnum dagsins í leikskólanum, eftir lengd viðveru að mati starfshópsins. Því er mikilvægt að fylgja eftir ráðleggingum um næringu barna

Lýðheilsuvísindi miða að því að bæta heilsu samfélaga og samfélagshópa, fyrirbyggja sjúkdóma og auka lífsgæði fólks. Rannsóknir á áhrifum umhverfis, samfélags, áhrifaþátta heilsutengdrar hegðunar og atvinnuumhverfis eru mikilvægir þættir lýðheilsufræða. Til framþróunar á sviði lýðheilsu er því nauðsynlegt að styðja við rannsóknir á sviði lýðheilsuvísinda og nýsköpun.

3. Mat á áhrifum.

Þessi þingsályktun markar stefnumið í lýðheilsu til ársins 2030. Ekki er búist við því að ályktunin, eins og sér, leiði til aukins kostnaðar eða hafi önnur áhrif á hagsmunaaðila, jafnrétti kynjanna, umhverfi eða sjálfbæra þróun. Vonir standa til að ályktunin leiði af sér betri lýðheilsu á Íslandi, en gera má ráð fyrir að einstakar aðgerðir geti leitt til tímabundins kostnaðar sem ætti að rúmast innan fjárheimilda ráðuneytisins.